

SAMBAND
íslenskra sveitarfélaga



Skýrsla til Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytisins

Vegna ársins 2022



Efnisyfirlit

- 3** Inngangur
- 5** Úrgangsmál
- 7** Svæðisáætlanir
- 8** Innkaup í úrgangsstjórnun
- 9** Borgað þegar hent er kerfi
- 11** Málefni Úrvinnslusjóðs
- 12** Samræmdar merkingar
- 13** Viðburðir á vegum sambandsins
- 14** Reglugerð um meðhöndlun úrgangs
- 14** Loftslagsmál
- 16** Miðlun þekkingar um sjálfbærni
- 17** Fráveitumál
- 18** Miðlun þekkingar um sjálfbærni
- 19** Málefni heilbrigðiseftirlits
- 20** Erlent samstarf

Inngangur

Þann 28. september 2021 var undirritaður samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (hér eftir URN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningurinn fól í sér endurskoðun á samningi frá 2. júní 2018 sem byggðist á samningi frá 27. nóvember 2015. Í 4. gr. samningsins segir að sambandið skuli afhenda ráðuneytinu yfirlit um stöðu helstu verkefna og áherslur fyrir komandi ár í upphafi hvers árs. Yfirlitið skal innihalda greinargerð um framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í 2. gr. Yfirliti skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 30. janúar ár hvert vegna verkefna liðsins árs.

Það yfirlit sem hér er lagt fram gerir grein fyrir framkvæmd verkefna á árinu 2022. Í því er m.a. vikið að framkvæmd verkefna sem falla undir sérstakt samkomulag um innleiðingu hringrásarhagkerfis undir vinnuheitinu *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og er þessari skýrslu ætlað að veita innsýn í umfang og árangur þeirra verkefna.

Stefnumörkun 2022-2026

Landsþing sambandsins var haldið á Akureyri í lok september. Eins og jafnan var fyrsta landsþing að loknum sveitarstjórnarkosningum helgað stefnumörkun fyrir það kjörtímabil sveitarstjórna sem nú er hafið. Á meðal nýrra áherslna í stefnumörkun, sem tengjast málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis má m.a. nefna eftirfarandi:

- Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga um gerð og framkvæmd loftslagsstefnu. Miðlað verði reynsla sveitarfélaga af árangursríkum aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Sambandið styðji sveitarfélög, í góðu samstarfi við ríkið, við að innleiða hringrásarhagkerfi hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt. Áhersla verði á að draga úr myndun úrgangs, stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun, lágmarka urðun úrgangs og tryggja góða þjónustu við íbúa og atvinnulíf og um leið auka fræðslu til eflingar umhverfisvitundar íbúa.
- Gerð verði áætlun um nauðsynlega innviði til bættrar meðhöndlunar úrgangs, svo sem sorpbrennslu til orkunýtingar fyrir þann úrgang sem ekki verður endurnýttur, þar sem m.a. verði lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda og forsvaranlega förgun áhættuúrgangs.
- Sambandið beiti sér fyrir því að ferlið við gerð og samþykkt rammaáætlunar verði tekið til gagngerrar endurskoðunar.
- Mótun verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.
- Sambandið beiti sér fyrir því að markaðar tekjur til ofanflóðavarna verði að fullu nýttar í slík mannvirki svo unnt verði að hraða uppbyggingu og mæta nýjum árskorunum vegna loftslagsbreytinga. Jafnframt taki ríkið aukna ábyrgð á viðhaldi ofanflóðamannvirkja.

Yfirlit um áherslur sem tengjast málefnasviðum ráðuneytisins er fylgiskjal með skýrslunni.

Úrgangsmál

Í júní 2021 voru samþykkt lög nr. 103/2021 sem fela í sér innleiðingu Evróputilskipana sem er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Lögin eru viðamikil og leggja auknar skyldur á sveitarfélög um úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs sem flestar eiga að vera komnar til framkvæmda fyrir 1. janúar 2023. Um er að ræða eitt viðamesta verkefni sem starfsfólk sambandsins vinnur að um þessar mundir.

Verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum fundaði níu sinnum á árinu en engar breytingar urðu á skipan nefndarinnar á nýju kjörtímabili. Í verkefnastjórn 2022 – 2026 sitja:

- *Jón Viggó Gunnarsson frá SORPU bs.*
- *Steinþór Þórðarsson frá Kólku sorpeyðingarstöð.*
- *Friðrik Klingbeil Gunnarsson frá Reykjavíkurborg.*
- *Hrefna Bryndís Jónsdóttir frá Sorpurðun Vesturlands.*
- *Hildigunnur Rut Jónsdóttir frá Akureyrarbæ.*
- *Stefán Aspar Stefánsson frá Sveitarfélaginu Hornafirði.*

Fundargerðir verkefnastjórnar má finna [hér](#).



Úrgangsmál voru í brennidepli í starfsemi sambandsins á árinu. Umfang verkefna í úrgangsmálum hefur aukist mjög vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis og verkefnastjórnunar því tengt. Því var ákveðið að ráða tímabundið starfsmann til að aðstoða Eygerði Margrétardóttur, verkefnastjóra umhverfis- og úrgangsmála hjá Sambandinu. Þorgerður María Þorbjarnardóttir var ráðin til rúmra 8 mánaða. Einnig hefur sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs átt mikla aðkomu að úrgangsmálum á árinu. Áfram voru haldnir reglulegir fundir sambandsins og URN um innleiðingu hringrásarhagkerfisins í kjölfar samkomulags milli ráðuneytisins og sambandsins þar sem rætt var um framvindu innleiðingar. Samkvæmt stefnu um meðhöndlun úrgangs „í átt að hringrásarhagkerfi“ og samningum um verkefnastjórnun hefur sambandið lagt áherslu á vinnu við

- Gerð handbókar um úrgangsstjórnun fyrir sveitarfélög (aðgerð 22).
- Innleiðingu breyttrar innheimtu sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs (aðgerð 23).

Í byrjun janúar 2022 var gengið frá samkomulagi um að sambandið leiði þrjú verkefni til viðbótar við þau sem eru í stefnu ráðherra í úrgangsmálum.

Eitt þeirra er framhald á verkefni um breytta innheimtu eða „borgað þegar hent er“ innheimtu en hin verkefni snúa að svæðisáætlunum og innkaupum vegna meðhöndlunar úrgangs sem byggja að ákveðnu marki á fyrrgreindri handbók um úrgangsstjórnun.

Verkefni þrjú fengu yfirheitið “Samtaka um hringrásarhagkerfi” og fór átakið af stað í mars sl. Alls skráðu sig 52 sveitarfélög af 64 í einn eða fleiri hluta átaksins. Öll sveitarfélög hafa hinsvegar tekið þátt í einhverjum af þeim fjölmörgu fundunum sem haldnir hafa verið á vegum átaksins á árinu. Könnun var send til allra sveitarfélaga um innleiðingu hringrásarhagkerfis um sumarið 2022. Alls fengust svör frá 44 sveitarfélögum. Fyrsta svar barst 2. júní 2022 og það síðasta 25. ágúst 2022. Niðurstöður þessarar könnunar voru mjög gott veganesti fyrir áframhaldandi vinnu innan átaksins.

Svörin sýndu að svæðisáætlanagerð var hafin á flestum stöðum á landinu. Einnig kom fram að metnaður sveitarstjórna er mikill og alls voru 39 sveitarfélög hlynnt því að flokkun verði samræmd um land allt og 37 sveitarfélög sögðu líklegt eða mjög líklegt að aukin samvinna skapi aukna hagræðingu í úrgangsmálum.

Könnunin sýndi þó að mikil óvissa ríkti í málaflokknum og 50% svarenda töldu líklegt eða mjög líklegt að sveitarfélagið muni óska eftir undanþágu frá ákvæðum laga. Hafa ber í hyggju að þau svör bárust áður en fyrstu drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs leit dagsins ljós og lá því ekki fyrir hvaða kröfur sveitarfélög þurfa að uppfylla til að sækja um slíka undanþágu.

Hér að aftan verður farið yfir hvern átaksins með skipulögðum hætti.

Svæðisáætlanir

Yfirheiti fyrsta hluta átaksins er: „Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku“. Alls skráðu 41 sveitarfélag sig til þátttöku í öllum landshlutum og tóku öll landshlutasamtök sveitarfélaga einnig þátt með einum eða öðrum hætti. Markmiðið var að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvang upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun.

Verkefnið var hugsað sem vettvangur sameiginlegrar þátttöku sveitarfélaga sem hafa ákveðið að standa saman að gerð svæðisáætlunar, skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, en einnig gátu sveitarfélög skráð sig eitt og sér. Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs hafa þann tilgang að skapa umgjörð utan um samtali og stærri ákvarðanir sveitarfélaga á viðkomandi svæðum um úrgangsförvarnir og um söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Í árslok 2020 féllu flestar svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs úr gildi.

Sambandið gerði [viðreist um landið vorið 2022](#) og fundaði með öllum sveitarfélögum sem skráð voru í verkefnið með það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvang upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun. Sveitarfélög sem skráðu sig til þátttöku í þessum hluta átaksins fengu grunnstöðumat á meðhöndlun úrgangs á sínu svæði, byggða á fundunum og á samantekt sem unnin var á viðkomandi svæðum sem ráðgjafastofan Environice tók saman. Hér fyrir neðan er að finna hlekki á framangreind gögn.

- [Norðurland - minnisblað](#)
- [Suðvesturland - greinargerð](#)
- [Suðurland - greinargerð](#)

- [Austurland - greinargerð](#)
- [Vestfirðir - greinargerð](#)
- [Vestmannaeyjar - greinargerð](#)



Matið geta sveitarfélög nýtt í áframhaldandi vinnu við gerð svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélög í öllum landshlutum hafa tekið ákvörðun um að vinna saman svæðisáætlun. Sveitarfélög á suðvesturhluta landsins, þ.e. Suðurland, suðvesturhornið og Vesturland, alls 32 sveitarfélög, hafa lokið við gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar og svæðisáætlun fyrir norðurland allt er langt kominn. Aldrei áður hefur náðst jafn mikil samvinna í svæðisáætlanagerð sem er vísir að aukinni samvinnu í úrgangsmálum á næstu árum.

Innkaup í úrgangsstjórnun

Annar af þremur hlutum átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi kallaðist „Kaup í anda hringrásarhagkerfisins“ sem 45 sveitarfélög skrðu sig til þátttöku í. Markmið þessa hluta var að styðja við innkaup sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs þannig að úrgangsstjórnun þeirra standist kröfur og markmiðum í málaflokknum sé náð. Sveitarfélög taka ákvörðun um hvort þau sinna sjálf eða útvista verkefnum á þeirra vegum, þ.m.t. í hirðu og annarri meðhöndlun úrgangs. Í niðurstöðum könnunar sambandsins á meðal sveitarfélaga frá því sumarið 2022 kom fram að 42 af 43 sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni buðu út hirðu úrgangs við heimili. Framkvæmd innkaupa, útboða og samninga um verkefni sveitarfélaga í úrgangsmálum eru því mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. Útboðsgögn og samninga þarf að vinna í takt við áherslur viðkomandi sveitarfélags og þá ábyrgð sem það ber samkvæmt lögum. Ólíkt er á milli sveitarfélaga hvaða þættir eru á hendi sveitarfélagsins og hvað er boðið út en ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs fellur ekki niður þó hluta þjónustunnar sé útvistað og sinnt af einkareknum þjónustuaðilum.

Sniðmát fyrir sveitarfélög og ráðgjafa

Að útbúa sniðmát af útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun við heimili og þjónustu grenndarstöðva var eitt af markmiðum þessa hluta átaksins og er nú aðgengilegt öllum sveitarfélögum og ráðgjöfum þeirra á vefsíðu sambandsins. Ráðgjafafyrirtækið VSÓ vann gögnin með aðstoð fyrirtækisins Consensa auk þess sem ráðgjafafyrirtækið EFLA og Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar las yfir gögnin. Til hliðsjónar við vinnuna var m.a. unnið út frá umræðum á þeim fjölmörgu fundum sem hafa verið á vegum átaksins, þar á meðal sérstakrar vinnustofu á vegum sambandsins um innkaupamál 31. maí. Einnig var horft til sambærilegrar vinnu í nágrannalöndunum, þá sérstaklega leiðbeiningar og sniðmát sem býðst sænskum sveitarfélögum. Vinna að sniðmátum fyrir meðhöndlun endurvinnsluefna og rekstur móttöku- og söfnunarstöðva stendur enn yfir.

Hér að neðan er að finna hlekkir á sniðmát fyrir framangreind gögn.

Væntingar eru um að sniðmátin nýtist við áframhaldi innleiðingu sveitarfélaga á ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs. Líklegt þykir að þau muni taka breytingum eftir því sem reynsla kemst á notkun þeirra.

Word/Excel

- * [Sniðmát fyrir útboð](#)
- * [Sniðmát fyrir tilboðshefti](#)
- * [Sniðmát fyrir innkaupasamning](#)

PDF

- * [Sniðmát fyrir útboð](#)
- * [Sniðmát fyrir tilboðshefti](#)
- * [Sniðmát fyrir innkaupasamning](#)

Borgað þegar hent er kerfi

Þriðji hluti átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi kallaðist „Borgað þegar hent er heim í hérað“ snéri að innleiðingu á svokallaðri Borgað þegar hent er (BPHE) aðferð við innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélögum er gert að innleiða. Verkefnið er nánari útfærsla á niðurstöðum greiningar sem ráðgjafafyrirtækið EFLA vann fyrir sambandið um útfærslur á BPHE og gefin var út í janúar 2022. Alls skráðu 49 sveitarfélög sig í þennan hluta átaksins.

Nýlegar lagabreytingar hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu þar sem þau bera mikla ábyrgð á meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. að heimilisúrgangi sé safnað og að innheimta gjald fyrir þjónustu sem þau veita í meðhöndlun úrgangs á sínu svæði. Með nýlegum lagabreytingum er þeim gert að koma því þannig fyrir að innheimta eftir 1. janúar 2023 verði sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs niður á hvern aðila og að fast gjald sem hluti af heildarinnheimtu sveitarfélagsins fyrir meðhöndlun úrgangs skuli takmarkast við 50% til ársins 2025 og 25% eftir það. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi. Sveitarfélög þurfa að taka skref frá því að nota kerfi sem innheimtir fast gjald, í að nota innheimtukerfi sem er sniðið að því magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér.

Greining á útfærslum BPHE

Sambandið efndi til opins kynningarfundar í byrjun febrúar um innleiðingu breytinga á innheimtu sveitarfélaga fyrir úrgangsmeðhöndlun. Á fundinum var kynnt greining sem ráðgjafafyrirtækið EFLA vann fyrir sambandið fyrir styrk frá URN á árinu 2021 um mismunandi útfærslur Borgað þegar hent er kerfa.



Greiningin sýnir að innheimta eftir stærð og fjölda íláta, svokölluð rúmmálsleið, er einfaldasta leiðin til að innleiða BPHE kerfi við innheimtu. Sér í lagi ef horft er til þess skamma tíma sem sveitarfélög hafa til að innleiða breytta innheimtu. Rúmmálsleiðin mun uppfylla kröfur lagabreytinganna og krefst þess að sveitarfélög kortleggji fjölda og stærð íláta og útfæri gjaldskrá í takt við BPHE kerfi. Reykjavíkurborg hefur þegar farið þessa leið og notað Álagningarkerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) við innheimtu. Kerfið er notað til að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphirðugjöld) og önnur fasteignagjöld sveitarfélaga.

Afurðir verkefnisins

Í þessum hluta átaksins urðu til ýmis gögn sem verða sveitarfélögunum til stuðnings í innleiðingu BPHE. Hér fyrir neðan eru helstu gögn er varða breytta innheimtu sveitarfélaga.

- [Skýrsla um greiningu á útfærslum Borgað þegar hent er kerfa sem Efla vann fyrir sambandið](#)
- [BPHE hraðallinn](#) – glærur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- [Borgað þegar hent er heim í hérað](#) – glærur frá KPMG
- [Vinnustofa sambandsins um Borgað þegar hent er](#)

BPHE hraðall

Sambandið setti á laggirnar tilraunaverkefnið *BPHE hraðall* fyrir sérstaka söfnun við heimili í október í samstarfi við HMS og bauðst tveimur áhugasömum sveitarfélögum að taka þátt. Ísafjarðarbær og Grímsnes- og Grafningshreppur stuttu á vagninn. Sambandið mótaði innleiðingaráætlun hraðalsins á grunni greiningar EFLU, niðurstöður átaksins *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og samantektar KPMG. Markmið hans var að fá reynslu á þetta nýja innheimtufyrirkomulag, kortleggja betur hvað felst í að innleiða það og snýða af hnökra fyrir önnur sveitarfélög ef áhugi yrði fyrir þessari leið. Hraðallinn tókst vel og lagði grunn að innleiðingarverkefni sem hófst í byrjun árs 2023 með fjórtán sveitarfélögum sem ákváðu að fara sömu leið í innleiðingu BPHE við heimili. Áhugi er fyrir þessari leið hjá fleiri sveitarfélögum. Mikilvægt er að endurbætur sem fyrir liggur að gera þurfi á Álagningarkerfi HMS aftri ekki innleiðingu BPHE hjá sveitarfélögum. Í því samhengi er vert að nefna að skoða þarf hvort skerpa þurfi á hlutverki HMS hvað varðar álagningu þjónustugjalda sveitarfélaganna.



Málefni Úrvinnslusjóðs

Aukin framlengd framleiðendaábyrgð og breytingar á lögum um úrvinnslugjald var ofarlega á dagskrá sambandsinsinu á árinu þar sem nýta þarf hagræna hvata til bættrar meðhöndlunar, lágmörkun úrgangs og aukinnar endurvinnslu í meira mæli. Ljóst er að kostnaður við meðhöndlun úrgangs mun koma til með að hækka vegna aukinna krafna um sérstaka söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Í tengslum við lögfestingu nýju laganna fjallað um að tekjur úr Úrvinnslusjóði myndu a.m.k. að hluta koma upp á móti auknum kostnaði sveitarfélaga. Mikilvægt er að kortleggja þarf betur kostnaðarmyndun í málaflökknum og hvernig fjármagn frá Úrvinnslusjóði styður við þær breytingar sem eru að verða á úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Tveir fulltrúar sambandsins sitja í stjórn sjóðsins, Eygerður Margrétardóttir og Líf Magneudóttir.

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs gerðu reglulega grein fyrir stöðu mála á fundum verkefnisstjórnar um úrgangsmál, ásamt því að eiga náið samráð við stjórn Hafnasambands Íslands um endurnýjun samnings milli Úrvinnslusjóðs annarsvegar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og veiðarfæragerða hinsvegar um meðhöndlun veiðarfæraúrgangs. Ljóst er að fyrir sveitarfélögin skiptir það miklu að starfsemi Úrvinnslusjóðs sé gegnsæ og að rekjanleiki varðandi ráðstöfun úrgangsefna verði bættur. Í því samhengi er rétt að undirstrika mikilvægi þess að bæta úrgangstölfræði en verulegra úrbóta er þörf í þeim efnum, en þar ber Umhverfisstofnun ríkt hlutverk. Einnig er lykilatriði að þær greiðslur sem sveitarfélögum ber að fá frá sjóðnum rati rétta leið í sjóði sveitarfélaga til að standa undir kostnaði þeirra við úrgangsmeðhöndlun. Könnun sambandsins sumarið 2022 leiddi í ljós að greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna úrgangs á ábyrgð sveitarfélaga hafa hingað til ratað til verktaka sem þau skipta við og eiga sveitarfélög að njóta góðs af þeim í gegnum verð sem verktakar bjóða. Ekki hefur verið tekið saman hvort og í hve miklu mæli það hefur gerst eða hversu stórt hlutfall heildarkostnaðar fyrir meðhöndlun úrgangs sjóðurinn stendur straum af.



Málefni Úrvinnslusjóðs og önnur álitaefni tengd framleiðendaábyrgð voru áberandi á árinu. Þar má m.a. nefna framleiðendaábyrgð á veiðarfærum, skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóðs og skýrslu starfshóps um framtíðarfyrirkomulag framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Jafnhliða var unnið að breytingum á regluverki framleiðendaábyrgðar, m.a. með umfangsmiklum lagabreytingum sem samþykktar voru í desember og taka gildi 1. janúar 2023. Þess má vænta að framleiðendaábyrgð verði áfram mikilvægt viðfangsefni á árinu 2023.

Samræmdar merkingar

Þann 13. desember 2021 var stofnfundur norrænna samtaka um samræmdar flokkunarmerkingar. Samtökin kallast EUPicto og hafði undirbúningur staðið yfir í um tvö ár. Að samtökunum standa fulltrúar svæðisbundinna stjórnvalda á Íslandi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Merkingarnar byggja á dönsku kerfi sem hefur verið við lýði í um 5 ár. Með breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarfélögum gert skylt að nota samræmdar merkingar EUPicto fyrir 1. janúar 2023. Krafan nær a.m.k. fyrir eftirfarandi úrgangstegundir: Pappír og pappi, málmar, plast, gler, lífúrgangur, textill og spilliefni. Samband íslenskra sveitarfélaga er stofnaðili að samtökunum og er fulltrúi Íslands Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs. Sambandið hefur gengið til samninga við FENÚR, fagráð um endurnýtingu og úrgang um áframhaldandi innleiðingu merkinganna hérlendis. Sá samningur gildir út árið 2023. Félagið staðfærði, þýddi og gaf út merkingarnar í nóvember 2020 og eru þær aðgengilegar gjaldfrjálst á vefsíðu félagsins: www.fenur.is/. Merkingunum fylgir handbók um notkun þeirra. Merkingarnar eru valfrjálsar og gjaldfrjálsar og almenningur mun einungis þurfa að þekkja brot af þeim 81 merkingum sem standa til boða.

Væntingar til verkefnisins af hálfu sambandsins eru þær að merkingarnar geti leitt til þess að flokkun og skil úrgangs við heimili, vinnustaði, sumarbústaði, söfnunarstöðvar og á ýmsum viðburðum verði sambærileg. Hér er því um að ræða eitt af lykilverkefnum við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi.



Viðburðir á vegum sambandsins um úrgangsmál

Hér að neðan er upptalning á helstu viðburðum sem sambandið stóð fyrir um hringrásarhagkerfið, upptökur af flestum þessara funda er að finna á vefsíðu sambandsins. Til viðbótar við þessa upptalningu hefur sambandið haldið kynningar við hin ýmsu tilefni til að fræða sveitarfélög, stofnanir og atvinnulíf um breytta úrgangsstjórnun. Auk þess fór sambandið hringferð um landið vorið 2022 og fundaði með sveitarfélögum í öllum landshlutum í tengslum svæðisáætlanahluta átaksins *Samtaka um hringrásarhagkerfi*.

3. febrúar - Borgað þegar hent er.

Teams fundur um innleiðingu breytinga á innheimtu sveitarfélaga yfir úrgangsméðhöndlun.

16. mars Upphafsfundur samtaka um hringrásarhagkerfi.

Teams fundur.

5. maí Innleiðing á „Borgað þegar hent er“

Kynningar- og vinnufundur fyrir kjörna fulltrúa og lykilstarfsfólk í úrgangsstjórnun. Fundur á Teams.

31. maí Kaup í anda hringrásarhagkerfis – innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga.


Fundur fyrir kjörna fulltrúa og lykilstarfsfólk í fjár- og innkaupamálum og úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Fundur á Teams.

7. október Ráðstefna Umhverfisstofnunar og sambandsins um innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Staðfundur undir yfirskriftinni „Réttur vegur til framtíðar“ haldinn í tilefni af 2. útgáfu handbókar um úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

16. des. Aðventufundur sveitarfélaga um hringrásarhagkerfi.

Fjarfundur í tilefni breytinga á meðhöndlun úrgangs og kröfum til úrgangsstjórnunar sveitarfélaga sem koma til framkvæmda um áramótin 2022-2023. Á fundinum kynnti sambandið Spurt og svarað um úrgangsmál sem sambandið vann í samstarfi við Umhverfisstofnun og URN. Einnig voru á fundinum kynningar um innleiðingarstarf sveitarfélaga.



Reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs, til innleiðingar á lögum um innleiðingu hringrásarhagkerfis, voru birt í samráðsgátt í byrjun desember. Sambandið veitti ítarlega umsögn um málið, ásamt því að funda með ráðuneytinu um einstök atriði reglugerðarinnar. Í umsögninni kemur fram óánægja af hálfu sambandsins með að hafa ekki átt beina aðkomu að undirbúningi reglugerðarinnar. Gerðar eru verulegar athugasemdir við allmörg ákvæði reglugerðarinnar sem lúta m.a. að afmörkun á hlutverki sveitarfélaga og ábyrgð annarra á meðhöndlun úrgangs og framsetningu tölulegra viðmiða um endurvinnslu og annarri endurnýtingu. Einnig er í umsögninni lagt til að ákvæði um undanþágur frá sérsöfnun úrgangs verði einfölduð.

Loftslagsmál

Í samstarfssamningi milli URN og sambandsins er gert ráð fyrir því að sambandið veiti ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um stefnu og aðgerðir í loftslagsmálum, hvort sem varðar samdrátt í losun eða aðlögun að loftslagsbreytingum, með hliðsjón af lögum um loftslagsmál og gildandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og öðrum þeim stefnum og reglum er tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig er gert ráð fyrir þátttöku sambandsins í starfshópum er varða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og gerð aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Fulltrúar sambandsins sitja einnig í Loftslagsráði.

Vinna sambandsins með sveitarfélögum að þessu málefni hefur m.a. farið fram í gegnum starfshópa sem það á aðild að en einnig með stofnun *Samráðsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið SP*, sem stofnaður var sumarið 2019. Auk þess sem sambandið hefur haldið kynningar um starf sveitarfélaga að loftslagsmálum þegar eftir því hefur verið leitað. Covid-19 heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á framvindu þess samstarfs ásamt því að starfsfólk sambandsins hefur þurft að leggja höfuðáherslu á verkefni við innleiðingu hringrásarhagkerfis á undanförunum misserum. Að auki er tilefni til að endurskoða stuðnings sambandsins við loftslagsstarf sveitarfélaga þar sem málaflokkurinn hefur tekið breytingum og nýjar áherslur hafa verið settar fram í stefnumörkun sambandsins 2022-2026 frá því að samstarfsvettvangurinn var settur á laggirnar.

Meðal annars hafa sjónir sveitarfélaga í sífellt ríkara mæli beinst að samfélagslegri losun og aðlögun að loftslagsbreytingum. Sum sveitarfélög hafa þegar sett sér stefnu um samfélagslega losun en ekki einungis losun frá rekstri og hefur sú vinna í einhverjum tilfellum verið unnin á vettvangi landssambanda sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa mismikla burði til að vinna markvisst að loftslagsmálum og hafa eru nokkur þeirra stærstu gerst aðilar að aðilar að Covenant of Mayors for Climate & Energy auk þess sem Reykjavíkurborg hefur verið valin ein af 112 borgum í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030.

Þrjú stærstu verkefni sambandsins á sviði loftslagsmála hafa verið að útbúa Verkfærakistu loftslagsvænni sveitarfélaga, aðkoma að mótun hvitbókar um aðlögun að loftslagsbreytingum og þátttaka í verkefninu Byggjum græna framtíð. Einnig sem sambandið hefur komið að mótun og útfærslu aðgerðar í núgildandi byggðaaætlun (C.10) sem framkvæmd er af Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og Veðurstofu Íslands og snýr að aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum. Vilji er til þess að blása auknu lífi í vinnu sambandsins að loftslagsmálum á komandi misserum, m.a. með því að uppfæra verkfærakistuna sem á að styðja sveitarfélög í starfi að loftslagsmálum og að uppfylla ákvæði laga um loftslagsmál um gerð loftslagsstefnu fyrir sinn rekstur. Ljóst er að ráðast þarf í endurbætur á verkfærakistunni svo að hún nýtist sem skyldi. Umhverfisstofnun hefur umsjón með henni og telur stofnunina hvorki hafa nægjanlegt fjármagn til að styðja við vinnu sveitarfélaga að loftslagsmálum né að gera nauðsynlegar úrbætur á verkfærakistunni. Á árinu 2022 hefur innleiðing hringrásarhagkerfis verið forgangsverkefni og því minni tími gefist til markvissrar vinnu í loftslagsmálum.

Þann 8. mars tók sambandið þátt í vefráðstefnu um loftslags- og orkuáætlanir sveitarfélaga. Þar töluðu sveitarfélög frá Eistlandi, Íslandi og Noregi. Vefráðstefnan var skipulögð af Tartu sýslu í Eistlandi í samstarfi við Uppbyggingarsjóð EES EFTA.

Á þessu ári hefur einna mest áhersla verið á aðlögun að loftslagsbreytingum. Sambandið stóð m.a. að málþingi sem var haldið 5. september sl. og nefndist Aðlögun að breyttum heimi, í samstarfi við Byggðastofnun, Veðurstofu Íslands, Reykjavíkurborg og URN. Uppþökur eru aðgengilegar frá ráðstefnunni.



Í haust hófust síðan vinnustofur um að aðlögun að loftslagsbreytingum, en á þeim verður m.a. fjallað um náttúruvá, skipulag, vatns- og fráveitur, samgöngur o.fl. Í tengslum við orkuskipti hefur farið fram mikil umræða um orkuöflun, einkum með áherslu á vindorku. Ráðherra skipaði starfshóp til að móta tillögur um stefnu og lagaumhverfi vindorkuvera og var hópnum uppálagt að eiga náð samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga í sinni vinnu. Starfshópurinn hefur átt fjóra fundi með fulltrúum sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga þar sem farið hefur verið yfir fjölmörg álitaefti, m.a. varðandi skipulagsmál, lagaumhverfi og skattlagningu raforkuframleiðslu, með áherslu á að nærsamfélög njóti ávinnings af starfseminni. Starfshópnum er ætlað að skila tillögum sínum í febrúar 2023.

Orkuskipti voru einnig eitt af helstu umræðuefnum á Skipulagsdeginum, sem haldinn var í nóvember.

Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Sambandið fékk á árinu 2021 styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að fara í sex mánaða verkefni til að styðja við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum og fylgja eftir verkfærakistu fyrir sveitarfélög um innleiðingu markmiðanna. Þessu verkefni lauk fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022. Öllum sveitarfélögum bauðst að taka þátt í verkefninu og 28 sveitarfélög þáðu það boð. Sveitarfélögin fengu ráðgjafarstuðning og haldnar voru vinnustofur með þeim. Samráðsfundur var haldinn með þátttökusveitarfélögunum í lok ágúst. Ljóst var af honum að nýjar sveitarstjórnir þurftu lengri tíma til að taka afstöðu til áframhaldandi innleiðingarvinnu. Var ákveðið að láta frekari aðgerðir bíða nýrrar stefnumörkunar landsþings sambandsins.

Í nýrri stefnumörkun er rík áhersla á heimsmarkmiðin. Þannig er kveðið á um í meginmarkmiði 1.12 að heimsmarkmiðin skuli vera leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi og í markmiði 9.11 er áréttað að sambandið eigi að styðja sveitarfélög í innleiðingu markmiðanna og eiga gott samstarf við verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins um frekari eftirfylgni og þróun verkfærakistu og mælikvarða um framgang markmiðanna. Stýrihópur um "Sjálfbært Ísland" hefur tekið við verkefnum verkefnisstjórnarinnar og kemur það því í hlut fulltrúa sambandsins í stýrihópnum að fylgja áherslum landsþings sambandsins eftir. Vinnuhópur ríkis og sveitarfélaga hefur lagt fram ákveðna valkosti varðandi heimsmarkmiðamælikvarða fyrir sveitarfélög sem taka þarf afstöðu til og því fylgir að samkomulag náist á milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þeirra. Það væri mikil lyftistöng og aðhald fyrir innleiðingarvinnu sveitarfélaga að þau hefðu slíka mælikvarða til að fylgjast með framgangi markmiðanna.

Sambandið er að leggja lokahönd á stafrænt námsefni um innleiðingu heimsmarkmiðanna í Sveitarfélagaskólanum en ljóst er að þau sveitarfélög sem eru á byrjunarreit gagnvart markmiðunum þurfa enn meiri stuðning til að hefja vegferðina og halda henni áfram. Er verið að skoða leiðir til þess m.a. í tengslum við undirbúning skýrslu Íslands um framgang markmiðanna sem verður væntanlega kynnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í júlí 2023.

Fráveitumál

Viðræður hafa lengi staðið yfir á milli URN annars vegar og sambandsins og Samorku hins vegar um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólþ. Hefur ráðuneytið lagt til að kröfur verði auknar í nýrri reglugerð með kröfu um fulla eins stigs hreinsun í stað grófhreinsunar. Ekki liggur enn fyrir niðurstaða og í raun verið lítil framvinda í þessu máli á yfirstandandi ári. Vitaskuld þurfa íslensk sveitarfélög að horfa til framtíðar og sýna metnað í fráveitumálum líkt og sveitarfélög í Evrópu almennt. Engu að síður eru aðstæður hér á landi um margt ólíkar því sem víðast er á meginlandi Evrópu, einkum vegna þess hve hitastig er lágt og miklir straumar. Í viðræðum við ráðuneytið hefur sambandið lagt höfuðáherslu á að ljúka verkefni sem lagt var af stað með árið 1995, sem er að koma á fyrsta stigs hreinsun í öllu þéttbýli. Auknar kröfur um hreinsun frárennslis munu fyrirsjáanlega þyngra það verkefni og er hætta á að framkvæmdir dragist enn á langinn ef kostnaður við þessar framkvæmdir hækkar.

Í október voru birt drög að endurskoðaðri fráveitutilskipun ESB og hefur hún m.a. verið rýnd af CEMR og sveitarstjórnarvettvangi EFTA. Í tilskipuninni getur falist verulegur kostnaðarauki fyrir íslensk sveitarfélög, m.a. vegna lækkunar viðmiða um fjölda persónueininga (úr 2.000 í 1.000 pe.), áforma um auknar kröfur um hreinsun frárennslis m.t.t. örplasts og lyfjaleifa og fleiri þátta. Sambandið hefur kallað eftir því að samráðsvettvangur um fráveitumál fjalli um málið en einnig eru áform um að koma á samtali við Noreg og líklega aðrar Norðurlandþjóðir um hvort grundvöllur sé til þess að setja fram sameiginlegar áherslur í þessu máli. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fjallaði um tillöguna á fundi sem haldinn var 1. desember og var þar samþykkt ályktun sem komið verður á framfæri við stjórnvöld aðildarríkja EFTA. Ljóst er að sveitarstjórnir í Noregi og fleiri norrænum ríkjum hafa verulegar athugasemdir við tillöguna. Markmið á nýju ári verður að nýta samtakamátt þessara ríkja til að hafa áhrif á málið við umfjöllun í stofnunum ESB og á vettvangi EFTA þannig að tekið verði tillit til sjónarmiða sem bæði lúta að landfræðilegum aðstæðum, s.s. miklu dreifbýli, og náttúrulegum aðstæðum, s.s. hitastigi sjávar og lítilli hættu á ofauðgun næringarefna í hafi og ám af völdum frárennslis.



Stofnaður var samráðsvettvangur um fráveitumál með aðkomu tveggja ráðuneyta ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samorku. Bundnar eru vonir við að vettvangurinn geti m.a. nýst til þess að greina möguleg áhrif tilskipunarinnar og stilla saman strengi um áherslur í hagsmunagæslu af Íslands hálfu.

Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Fulltrúar sambandsins funduðu með starfshópi sem ráðherra skipaði til að móta stefnu um málefni þjóðgarða og friðlýstra svæða. Starfshópurinn skilaði tillögum á haustmánuðum og kynnti formaður hópsins skýrslu hans á árlegum fundi Umhverfisstofnunar, náttúrustofa og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem haldinn var í Grindavík í nóvember.

Sambandið kom að skipulagningu ársfundarins en sextíu manns tóku þátt í fundinum en hann var bæði staðfundur og einnig streymt. Fyrir hádegi var fjallað um hlutverk náttúruverndarnefnda og málefni þeirra. Eftir hádegishlé voru margvísleg málefni kynnt og rædd.

Hagræðing og aukið vægi getur falist í því að efna til sameiginlegra náttúruverndarnefnda nokkurra sveitarfélaga á samliggjandi svæði skv. lögum um náttúruvernd, til dæmis landshlutabundið, en oft geta nefndirnar þurft að veita umsagnir um umdeildar framkvæmdir og önnur mál sem geta verið viðkvæm þegar nálægðin er mikil. Fordæmi eru fyrir slíku fyrirkomulagi t.d. á norðurland. Í dag gegna umhverfis- og skipulagsnefndir oftast hlutverki náttúruverndarnefnda og óljóst er hvenær slíkar nefndir starfa sem náttúruverndarnefndir. Vakin var athygli á því að faglegan stuðning geta nefndirnar sótt til náttúrustofu viðkomandi svæðis sem eiga mikið samstarf við sveitarfélögin og nærsamfélagið. Sveitarfélögin voru hvött til að nýta náttúrustofurnar. Náttúrustofurnar vilja jafnframt koma inn í umsagnarferli um framkvæmdir á fyrstu stigum þeirra. Náttúrufræðistofnun Íslands fær einnig margvísleg mál til umsagna frá sveitarfélögunum og veitir ráðgjöf, bæði formlega og óformlega.

Dæmi um öflugt starf umhverfisnefnda kom fram hjá sveitarfélaginu Vogum en mikilvægt er að verkefni umhverfisnefnda séu sett inn í fjárhagsáætlun viðkomandi sveitarfélags. Einnig var sagt frá samstarfi Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Leiruvogs og Blikastaðakróar sem gekk mjög vel en svæðið var friðlýst nú í haust.

Ráðgjafanefnd um gerð B-hluta framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár fundaði í nóvember eftir langt hlé. Nýr formaður nefndarinnar er Sæmundur Helgason. Á fundinum kom fram sú áhersla af hálfu sambandsins að áður en umfangsmiklar tillögur um nýjar friðlýsingar fari í almennt samráð þurfi að fjalla um þær í ráðgjafanefndinni. Ella sé ekki mikill tilgangur með þátttöku þriggja fulltrúa sveitarfélaga í nefndinni. Ekki hafa komið fram formleg viðbrögð við þessari afstöðu en málið hefur einnig verið tekið upp á fundum sambandsins með ráðherra.

Málefni heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlitssvæðum fækkaði um eitt á árinu, við sameiningu tveggja umdæma á höfuðborgarsvæðinu. Er umdæmin nú níu talsins.

Sambandið tók ásamt fulltrúum heilbrigðiseftirlits þátt í samstarfi um gerð reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin tók gildi 15. nóvember sl. Óhjákvæmilegt er að lýsa miklum vonbrigðum með hvernig staðið var að undirbúningi af hálfu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, því við gildistöku reglugerðarinnar var hvorki búið að ganga frá stafrænum lausnum né undirbúa kynningarefni um þær breytingar sem reglugerðin felur í sér.

Í október skipaði umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið í samráði við matvælaráðuneytið starfshóp sem er ætlað að koma með tillögur að nýju eftirlitskerfi á grundvelli laga um hollustuhætti og engunarvarnir og matvælalaga eða eftir atvikum breytingum á núverandi kerfi. Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. uppfylla eftirfarandi markmið með nýju eftirlitskerfi eða breytingum á núverandi kerfi:

Samþætting leyfisútgáfu á einum stað í gegnum island.is.

- *Dæmi: Rekstraraðili veitingastaðar sækir um leyfi og fær í sama ferli afgreiðslu á umsókn um starfsleyfi heilbrigðisnefndar og rekstrarleyfi sýslumanns.*

Leyfisskilyrði verði samræmd um allt land og þau liggi fyrir áður en sótt um eru leyfi þegar um er að ræða einfaldari starfsemi.

- *Dæmi: Rekstraraðili veitingastaðar, sem rekur veitingastað í Vestmannaeyjum sem og á Ísafirði, þurfi að uppfylla sömu leyfisskilyrði á báðum stöðum.*

Eftirlit með starfsemi verði háttað með sama hætti um allt land.

- *Dæmi: Að eftirlit með veitingastað í Vestmannaeyjum og á Ísafirði verði framkvæmt með sama hætti og að viðbrögð við frávikum verði með sama hætti á báðum stöðum.*

Eftirlit taki mið af áhættu og dregið verði úr afskiptum af rekstri með litla áhættu.

- *Dæmi: Meiri áhersla verði lögð á eftirlit með starfsemi þar sem hætta er á umhverfistjóni eða hættu fyrir fólk.*

Sambandið hefur óskað eftir að hitta starfshópinn og er þess vænst að sá fundur verði á nýju ári



Erlent samstarf

EES-samstarf

Forstöðumaður Evrópuskrifstofu sambandsins í Brussel og verkefnisstjóri sambandsins í úrgang- og umhverfismálum funda reglulega með ráðuneytinu og fulltrúa ráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel um evrópulöggjöf sem er í undirbúningi á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sem og um styrkjatækifæri í gegnum LIFE og fleiri evrópskar áætlanir.

Sambandið tekur þátt í fundum EES-stýrihóps stjórnarráðsins, en meðal þess sem stýrihópurinn ber ábyrgð á er EES-forgangslisti ráðuneytanna. Meðal EES forgangsmála sem varða umhverfis- og loftslagsmál og snerta sveitarfélög má nefna:

- i) ETS-viðskiptakerfið og þá einkum að bæta eigi byggingum við kerfið.
- ii) Reglur sem ESB vinnur að í tengslum við losun og kolefnisbindingu sem tengist landnotkun.
- iii) Neysluvatn, en í forgangslistanum er einmitt sérstaklega minnst á að „nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð“.
- iv) Fit-for 55 aðgerðir ESB, t.d. varðandi byggingar, en í forgangslistanum segir: „Ísland hefur undanþágu frá kvöðum sem er að finna í tilskipun um orkunýtni bygginga. Skoða þarf hvort viðhalda skuli þeim undanþágum“
- v) Hitaveitur og glatvarma, t.d. hvort skoða þurfi „hvort íslenskar hitaveitur falli áfram undir undanþágur vegna hárrar hlutdeildar endurnýjanlegrar orku sem hluti af REDII“.
- vi) Líf- og rafeldsneyti í samgöngum og hvatakerfi/viðskiptakerfi þeim tengt, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir strjálbýl sveitarfélög.

Sambandið benti á tvö atriði sem eru mikilvæg fyrir sveitarfélög en náðu ekki inn á forgangslistann: i) Endurskoðun á tilskipun varðandi fráveitumál og ii) Endurskoðun á úrgangstilskipun. Ráðuneytið fullvissaði sambandið um að þessi mál séu þrátt fyrir það í fyrirrúmi í EES vinnu ráðuneytisins og þá eru bæði þessi mál reglulega á dagskrá EES samráðsfunda ráðuneytisins og sambandsins.

LIFE og annað styrkjasamstarf

Sambandið og ráðuneytið, ásamt Rannís, starfa náið saman í tengslum við LIFE-áætlun Evrópusambandsins. Sambandið, í samstarfi við ráðuneytið, skipulagði á árinu kynningarfundir með sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og öðrum aðilum sem tengjast viðkomandi LIFE málaflokkum. Þá hefur ráðuneytið einnig verið sambandinu innan handar við að koma á LIFE fundum með stofnunum sem undir það heyra. Í því tilliti má t.d. nefna Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og Veðurstofu Íslands og málaflokkarnir sem um ræðir hafa m.a. snúið að fráveitumálum, líforkuverum, endurheimt votlendis og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Sambandið og Rannís eru í nánú samstarfi í tengslum við sókn sambandsins í sjóði ESB. Þetta samstarf kemur til með að styrkjast enn frekar við ráðningu sérfræðings sem er ætlað að vinna alfarið að sókn sveitarfélaga í sjóði ESB undir formerkjum Aðlögunarleiðangurs Horizon Europe og aðgerðar C.3, "Grænt og snjallt Ísland", í byggðaáætlun. Rannís mun í upphafi sjá um að þjálfa sérfræðinginn og mun síðan í framhaldi af því starfa náið með sérfræðingnum að þessum málum, ásamt starfsmanni Evrópuskrifstofu sambandsins. Samstarfssamningur ráðuneytisins og sambandsins varðandi stöðu sérfræðingsins verður frágenginn í byrjun janúar 2023 og í framhaldi af því verður staða sérfræðingsins auglýst.

Municipal Waste Europe

Sambandið tók áfram þátt í starfi Council of European Municipalities and Regions (CEMR) og Municipal Waste Europe (MWE) á árinu. Sótti sérfræðingur sambandsins fjarfundir MWE og tók þátt í vinnu í tengslum við samráð og umsagnir við vinnu ESB t.d. um vishönnun (Ecodesign Regulation), vottaðar kolefniseiningar (Carbon Removal Certificates), Taxonomy, endurskoðun úrgangstilskipunar (Waste Framework Directive) o.fl.





HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Stefnumörkun

Sambands Íslenskra
sveitarfélaga

► 2022-2026



Markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála, byggðamála, atvinnu og innviða



1.5

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.

7. Umhverfis- og loftslagsmál

Aðgerðir í loftslagsmálum og bætt úrgangsmæðhöndlun í anda hringrásarhagkerfis verða í forgrunni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga á næstu árum. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki, m.a. í gegnum skipulag byggðar, við að draga úr samfélagslosun Íslands, þ.e. þeirri losun sem er á ábyrgð stjórnvalda.

Auka þarf þekkingu sveitarstjórna á helstu áskorunum og stjórnþækjum sem stuðlað geta að loftslagsvænum samfélögum, með áherslu á m.a. orkuskipti, markvissa landnotkun og aðlögun að loftslagsbreytingum. Jafnframt þarf að auka þekkingu hjá sveitarfélögum á markmiðum hringrásarhagkerfisins og framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Tryggt verði að auknar kröfur um

framleiðendaábyrgð leiði til lækkunar á kostnaði sveitarfélaga við úrgangsmæðhöndlun.

Skýra þarf hlutverk stofnana ríkisins og faglegan stuðning við sveitarfélög, m.a. varðandi loftslagsstarf þeirra, skipulag landnotkunar og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Lykilatriði er að til staðar séu áreiðanleg gögn s.s. um magn og meðhöndlun úrgangs, losun gróðurhúsalofttegunda og árangur af aðgerðum, mælanlegt eftir sveitarfélögum og landshlutum.

Tækifæri eru til að fjölga umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til grænnar innviðauppbýggingar og ljóst er að mikil þörf er fyrir innviðauppbýggingu svo sem í fráveitu- og úrgangsmálum.

7.1

Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði leiðandi þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og laga samfélagið að þeim breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga.

7.2

Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga um gerð og framkvæmd loftslagsstefnu. Miðlað verði reynslu sveitarfélaga af árangursríkum aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum.

7.3

Miðlægar upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda, bæði frá eigin rekstri og samfélagslosun, verði aðgengilegar skipt eftir sveitarfélögum og landshlutum og þróuð tæki til að mæla árangur aðgerða á samræmdan hátt.

7.4

Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið styðji orkuskipti í samgöngum um allt land. Skipulag opinberrar þjónustu miði að því að draga úr ferðapörf. Þá verði sérstaklega horft til þess að koma á framleiðslu á rafeldsneyti innanlands til nota í farartækjum.

7.5

Sambandið styðji sveitarfélög, í góðu samstarfi við ríkið, við að innleiða hringrásarhagkerfi hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt. Áhersla verði á að draga úr myndun úrgangs, stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun, lágmarka urðun úrgangs og tryggja góða þjónustu við íbúa og atvinnulíf og um leið auka fræðslu til eflingar umhverfisvitundar íbúa.

7.6

Gerð verði áætlun um nauðsynlega innviði til bættrar meðhöndlunar úrgangs, svo sem sorpbrennslu til orkunýtingar fyrir þann úrgang sem ekki verður endurnýttur, þar sem m.a. verði lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda og forsvaranlega förgun áhættuúrgangs.

7.7

Við útfærslu á kerfi framleiðendaábyrgðar verði lögð höfuðáhersla á að kerfið styðji við innleiðingu hringrásarhagkerfis. Liður í því er að auka kröfur til framleiðenda og innflytjenda um að breyta framleiðsluferlum þannig að auðveldara verði að skila vörum og umbúðum aftur inn í virðiskeðjuna, s.s. með endurnotkun eða endurvinnslu.

7.8

Sambandið beiti sér fyrir áframhaldandi samstarfi um að ljúka uppbyggingu fráveituframkvæmda og að byggja upp þekkingu á hagkvæmum og loftslagsvænum fráveitulausnum.

7.9

Sambandið beiti sér fyrir því að öll áform um nýja þjóðgarða og ný friðlýst svæði ásamt stækkun þeirra verði undirbúin í góðri sátt við hlutaðeigandi sveitarfélög.

8. Byggðamál, atvinna og innviðir

Áhersla verður á að þróa áfram samstarf ríkis og sveitarfélaga í byggðamálum í góðu samstarfi við landshlutasamtök. Lykilatriði til að skapa sem jöfnust

og raforkuinnviða og stafrænnar opinberrar þjónustu.

Nýta verður reynsluna af Covid-19 heimsfaraldrinum á jákvæðan hátt, svo sem til að dreifa opinberum störfum sem víðast um landið.

8.14

Í stefnumörkun stjórnvalda í raforikumálum verði áfram lögð rík áhersla á náttúruvernd en einnig verði lagt mat á samfélagsleg og efnahagsleg áhrif virkjana ásamt þörf fyrir raforkuöryggi um allt land.

8.15

Sambandið beiti sér fyrir því að jafna raforkuverð bæði hjá fyrirtækjum og íbúum óháð búsetu og að uppbyggingu þriggja fasa rafmagns verði hraðað til að styðja við nýsköpun í atvinnulífi.

8.16

Áhersla verði lögð á aðgerðir til að auka jafnræði milli íbúa og fyrirtækja á köldum svæðum og þeirra sem eru á hitaveitusvæðum vegna húshitunar. Séstaklega verði hugað að rekstrarumhverfi, þ.m.t. raforkukaupum, fjarvarmaveitna á köldum svæðum.

8.17

Áhersla verði á notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Styrkir til jarðhitaleitar, fjarvarmaveitna og þróunar nýrra orkugjafa verði auknir s.s. í tengslum við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

8.18

Sambandið beiti sér fyrir því að ferlið við gerð og samþykkt rammaáætlunar verði tekið til gagngerrar endurskoðunar.

8.19

Mótuð verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.

8.24

Sambandið beiti sér fyrir því að markaðar tekjur til ofanflóðavarna verði að fullu nýttar í slík mannvirki svo unnt verði að hraða uppbyggingu og mæta nýjum árskorunum vegna loftlagsbreytinga. Jafnframt taki ríkið aukna ábyrgð á viðhaldi ofanflóðamannvirkja.

8.25

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri endurskoðun lagaumhverfis um bætur og uppbyggingu vegna náttúruvár. Gera þarf sérstaka greiningu á þörf fyrir aukna tryggingavernd vegna loftlagsbreytinga.